

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2022
UST202203-265/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Vatnsfjörður og Kjálkafjörður. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.

Sótt er um tvískipt leyfi. Annars vegar rannsóknir á náttúrufari, rennslis- og landmælingar o.fl. sem allar er hægt að framkvæma án verklegra framkvæmda eða jarðrasks. Slóðar sem fyrir eru verði nýttir til ferðalaga en annars verði farið fótgangandi eða á snjósleðum þegar svo háttar árstíðum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þennan þátt rannsókna hvað Kjálkafjörð snertir en bendir á að Vatnsfjörður er friðland sbr. auglýsingu í Sjv.tíð. B nr. 96/1975 og upplýsa ætti sérfræðing Umhverfisstofnunar á svæðinu ef eitthvað bregður út af.

Varðandi seinni hluta rannsókna sem m.a. fela í sér efniskönnun á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum og hafa jarðrask í för með sér, þá kemur það fram í umsóknargögnum að ráðgert sé að vinna að þeim ef svo færi að nýting vatnsafls verði leyfð innan fyrirhugaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum. Umhverfisstofnun er leyfisveitandi hvað snertir friðlandið í Vatnsfirði og samkvæmt núgildandi skilmálum er bannað að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir. Enn fremur er mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breytingar á landi háðar leyfi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að tilgangur téðra rannsókna samræmist ekki markmiðum verndar á svæðinu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur